

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 13. maí 2014
Tilvísun: UST20140300303/ksj

Tillaga að deiliskipulagi 2. áfanga frístundabyggðar í landi Hálanda. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 2. áfanga frístundabyggðar í landi Hálanda, í hlíðum Hlíðarfjalls.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er um 8,3 ha að stærð. Á svæðinu eru áætlaðar 36 lóðir fyrir frístundahús. Fram kemur í greinargerð að skipulagssvæðið sé á mólendi og hafi verið efnistökusvæði að hluta. Einnig kemur fram að landhalli á svæðinu er mikill, að auki kemur fram að unnið sé þannig með gerð og staðsetningu bygginga að framkvæmdir falli vel að landi og að rask verði lágmarkað. Stofnlagnir fráveitu verða tengdar inn á lagnakerfi Akureyrarbæjar við landamörk.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu 2. áfanga frístundabyggðar í landi Hálanda.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun